

Fundargerð

Fundur stjórnar miðvikudaginn 15.október kl.15:30

Mættar voru: Brynja Steinsen, Elsa Karen Jónasdóttir, Erna Kristín Ernudóttir, Hrafnhildur Hannesdóttir, Rannveig Sverrisdóttir, Steinunn Elísabet Benediktsdóttir og Sólrún Óskarsdóttir fyrir hönd Brákarborgar.

1. Erna er tilbúin að starfa áfram sem formaður og Brynja sem gjaldkeri. Rannveig tekur að sér að vera ritari félagsins í vetur.
2. Jólabækurnar. Huga þarf að kaupum á bókum fyrir jólaballið sem fyrst. Nokkur tilboð hafa þegar borist leikskólanum. Rannveig tekur að sér að senda á fleiri bókaforlög og taka saman lista yfir þær bækur sem koma til greina og sendir á alla. Rætt um hvað bækurnar mega kosta, engin upphæð ákveðin á fundinum en sjóðurinn stendur ágætlega í ár svo væntanlega má miða við útgjöldin í fyrra. Sólrún mun sjá um að panta sveinana góðu.
3. Uppgjör. Gjaldkeri gerir grein fyrir uppgjöri síðasta árs (2013-2014) og fer yfir gjöld og innheimtur. Vel gekk að rukka inn félagsgjöldin síðasta vetur og var innheimtan 96%. Staða sjóðs í lok sumars 2014 var 45 þúsund krónur. Uppgjörið mun birtast á heimasíðu leikskólans. Gjaldkera þakkað fyrir greinargóða skýrslu.
4. Árgjald. Lagt er til að árgjaldið verði hækkað í ár í 6000 kr á barn og 9000 kr fyrir systkini. Ef þrjú systkini eru á leikskólanum fær þriðja barnið frítt. Gjaldið hækkaði síðast árið 2011 og er töluvert hærra í mörgum leikskólum sem viðstaddir þekktu til. Hækkun gjalds var samþykkt einróma og mun gjaldkeri senda út rukkanir fljótlega.
5. Rætt vítt og breitt um starfið á árinu, sveitaferð, kostnað við rútur, útskriftarferð og íþróttahátíð.

Fundi slitið kl.16:30